



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Rýni stjórnenda 2023-2024

Birgir Jónsson
Aðstoðarskólameistari

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	0
Niðurstöður fyrri rýni stjórnenda	2
Innri úttektir	8
Endurgjöf frá viðskiptavinum	9
Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2023	10
Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða.....	11
Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2024	12
Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða.....	13
Skólapúlsinn 2023-2024	15
Stofnun ársins 2023.....	16
Mat á vinnustofu/heimastofukerfi.....	18
Könnun á verknámsvali	20
Frammistaða ferla og samræmi vöru	21
Yfirferð á skjölum	21
Mætingar, meðaleinkunn, fallprósenta og brottfall	22
Ábendingar, kvartanir, frábrigði.....	23
Útskrift áfanga.....	23
Kennsluáætlanir	24
Framvindumat.....	24
Áfangaskýrslur.....	25
Einkunnalistar.....	25
Gerð námsmatspátta.....	26

Samantekt	26
Staða forvarna og úrbóta	26
Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda	27
Jafnlaunakerfið	27
Markmið jafnlaunakerfis og launagreiningar	27
Innri úttektir jafnlaunakerfis	29
Niðurstöður markmiða	29
Umhverfisstjórnun	30
Breytingar í rekstri VA sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið	31
Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans	31
Tillögur um umbætur	33
Tillögur um auðlindir	34

Dags.: 19.6.2024	Tími: 13:00	Staðsetning: Fundaherbergi	Fund boðaði: Birgir
------------------	-------------	-------------------------------	---------------------

Mættir:	Eydís Ásbjörnsdóttir skólameistari, Sigurborg Hákonardóttir fjármála- og skrifstofustjóri og Birgir Jónsson aðstoðarskólameistari
Fjarverandi:	

Niðurstöður fyrri rýni stjórnenda

Rýni stjórnenda fyrir skólaárið 2022-2023 fór fram í lok vorannar 2023. Á aðgerðarlista fyrir haustönn 2023 voru eftirtalin verkefni:

- Eftirfylgni með innri úttektum/eftiráúttektir. Eftirfylgni hefur verið á höndum gæðastjóra og unnið hefur verið að því að forma betur ferlið við þær. Hefur verið í þróun síðustu annir og hélt áfram á þessu skólaári.
- Taka út verklagsreglur samkvæmt skipulagi. Unnið er eftir áætlun sem er gerð fyrir önn í einu og tryggir það að allar verklagsreglur séu teknar út árlega og þar með kröfur staðalsins. Auglýst er eftir úttektaraðilum og hefur það gengið vel. Einnig er það mikilvægt til þess að virkja fleiri inn í gæðakerfið. Gæðastjóri hefur yfirumsjón með vinnunni.
- Halda áfram að þróa ferlið við innri úttektir. Í gegnum hverja úttekt er skipulagið í raun þróað. Gæðastjóri og úttektaraðilar vinna náið saman að þessu og munu halda áfram næstu annir.
- Halda áfram að skipta úttektum upp eftir önnum. Auglýst er fyrir hvora önn fyrir sig, ákveðið margir þættir sem eru til úttektar. Það er einnig reynt að rúlla úttektum á milli aðila þannig að enginn úttektaraðili sé alltaf að taka út sama þáttinn. Stuðst verður áfram við þetta kerfi þar sem það hefur gefið góða raun.
- Halda vel utan um þátttöku nemenda í áfangamati. Sérstakur áfangamatstími var valinn og var það ákveðin vinnustofa. Þar náðist afar góð svörun og síðan var henni fylgt eftir um tíma sem skilaði sér í mjög góðu svarhlutfalli. Haldið var áfram með umbun fyrir þátttöku. Nemendur gátu sent inn staðfestingu á að hafa lokið og þeir fóru í pott sem dregið var úr. Þetta fyrirkomulag er komið til að vera. Það þarf þó að ýta einhvern veginn undir frekari þátttöku fjar- og dreifnema þar sem hún hefur verið slök undanfarnar annir.
- Halda áfram að efla starfsmannasamtöl og vinna að endurmenntunaráætlun. Síðustu ár hefur lítið gengið í starfsmannasamtölum. En á þessu skólaári fóru allir kennara í

eitt samtal og sáu skólameistari og gæðastjóri um samtölin. Það þarf að festa þetta betur í sessi á næsta skólaári.

- Halda áfram reglulegum rýnihópafundum með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni. Rýnihópur var myndaður um endurskoðun á gæðamarkmiðum. Var sú vinna mjög gagnleg og góð. Verður að halda þessu áfram og koma í enn fastari skorður.
- Leggja könnun fyrir nemendum í verkefninu *Verklegt val* í VA. Könnun lögð fyrir fyrir 9. og 10. bekkinga í lok hvers hluta. Niðurstöðurnar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans ásamt því sem fjallað er um þær hér.
- Leggja fyrir könnun meðal útskrifaðra nemenda, hvernig þeim vegnar að loknu námi í VA. Þetta var gert á skólaárinu í fyrsta sinn. Ákveðið var að skoða viðhorf nemenda sem útskrifuðust á árunum 2013-2017 og sent var á netfangalista. Svörunin var framar væntingum og eru niðurstöðurnar aðgengilegar á heimasíðu skólans, va.is.
- Leggja Skólapúlsinn fyrir nemendum. Skólapúlsinn var lagður fyrir á vorönn og er fjallað um niðurstöðurnar hér ásamt því að skýrslan er aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Efla foreldrafélag. Það var auglýst eftir foreldrum í stjórn og fengust svör sem þarf að byggja ofan á.
- Halda áfram að þróa nýtt starfsfólk þar sem farið er yfir helstu atriði sem þarf að kunna skil á við upphaf starfs. Styðjast við gátlista um móttöku starfsfólks. Síðustu tvær haustannir hefur verið haldið slíkt námskeið. Þá kemur nýtt starfsfólk og fær fræðslu. Þarf að halda áfram að þróa þetta á komandi árum sérstaklega í ljósi þess að starfsfólk sem hefur störf t.d. um áramót fellur á milli.
- Kynna gæðakerfið fyrir öllu starfsfólki og nemendum. Gæðastjóri hefur kynnt gæðakerfið á starfsmannafundum og á þessu skólaári var gæðakerfið kynnt fyrir nemendum á 1. og 2. ári í skólanum. Mikilvægt er að halda áfram að kynna kerfið.

- Tryggja að kennarar sem koma í aðkeypta kennslu séu vel upplýstir um gæðakerfið og hlutverk þeirra innan þess. Gæðastjóri útbjó myndbönd þar sem farið er yfir útfyllingu gátlista og varð það hluti af þeim gögnum sem kennarar fá við upphaf vinnu sinnar. Einnig er starfsmannahandbók aðgengileg á innra svæði starfsfólks sem hjálpar einnig til.
- Tryggja rýni á námsmatspáttum og skil á gátlistanum *Gerð námsmatspátta* áður en pátturinn er lagður fyrir. Skref hafa verið stigin í því að tryggja rýni námsmatspátta og skil á gátlistanum. Er þetta smá saman að þokast rétta leið.
- Endurskoða kröfur varðandi námskeið. Á þessu skólaári hófst eitt námskeið og voru kröfurnar hafðar að mestu leyti þær sömu og gildir um venjulega áfanga í skólanum.
- Þróa hlutverk leiðsagnarkennara. Á skólaárinu var þetta hlutverk skoðað og í lok árs voru unnin drög að gátlista sem leiðsagnarkennarar geta stuðst við. Verður haldið áfram á næsta skólaári.
- Halda áfram reglulegum deildar- og deildarstjórafundum og sjá til þess að niðurstöður þeirra séu skjalaðar. Það er komin góð virkni í þennan þátt, deildir halda fundi og skjala niðurstöður.
- Tryggja sýnileika á gildum skólans fyrir nemendum. Efnið var tekið fyrir á fundi með nemendum á haustönn 2022. Á eftir að setja þetta í framkvæmd.
- Halda áfram að þróa ferli varðandi skráningar á frávikum. Ferli við skráningu á frávikum hefur aðeins farið niður á við í kjölfar stjórnendabreytinga. Þarf að halda áfram með að þróa þetta ferli þannig að öll frávik séu skráð, meðhöndluð og eftirfylgni sé tryggð. Settir hafa verið ábendingahnappar á heimasíðu og einnig er til skoðunar að koma upp nýju tölvukerfi sem heldur betur utan um þetta.
- Skerpa á ferlum um innkaup og viðhald. Haldinn var fundur í upphafi skólaárs með þeim sem þessir ferlar snúa að. Var ákveðið að nýta skjölin og sjá til hvernig við þyrftum að aðlaga þau. Haldinn var framhaldsfundur í upphafi vorannar þar sem mætingin var dræm. Hluti aðila hefur unnið með skjölin og gert það vel, þarf að halda þessu áfram á næsta skólaári.

- Skoða skólasóknarreglurnar með tilliti til einingar fyrir mætingu og hvata til þess að bæta mætingu. Skólasóknarreglurnar voru endurskoðaðar á önninni og hefur verið notuð eining fyrir ákveðið hlutfall raunmætingar. Þarf að vega og meta áfram á næsta skólaári.
- Vinna markvissar í því að efla félagslíf, bæði formlegt og óformlegt. Félagslífsfulltrúi vann með nemendaráði sem var skipað mörgum fulltrúum. Það hélt helstu viðburði s.s. árshátíð, ýmsar minni skemmtanir og vikulegan viðburð í íþróttahúsinu. Fenginn var styrkur frá Ungmennafélaginu Agli rauða í upphafi skólaárs með það fyrir augum að auka afþreyingu nemenda í skólanum. Var keypt borðtennisborð, píluspjald og þythokkíborð sem jók möguleika nemenda.
- Efla formlegt samstarf kennara með því að festa samráðstíma í stundatöflu. Einn starfsmannafundur í mánuði var helgaður faglegu samstarfi kennara. Verður haldið áfram á næsta skólaári.
- Auka utanumhald varðandi óvirka nemendur. Það hefur verið gengið á eftir því að ýtt sé sérstaklega á fjarnema. Varðandi dagskólanemendur eru haldnir vörðufundir með umsjónarkennurum þar sem aðgerðir eru ákvarðaðar. Verður að halda áfram að byggja ofan á þetta.
- Halda áfram að ýta á byggingu nýs húsnæðis fyrir tréiðndeild. Nýtt húsnæði er á áætlun 2025 og haldið verður áfram að ýta á þá aðila sem halda á málinu þannig að það rætist.
- Halda áfram að þróa nám og kennslu í takt við nútímann og eftirspurn í samfélaginu. Mikill kraftur hefur verið í þróun námsins og ýmsar námsleiðir teknar upp til þess að mæta eftirspurn í samfélaginu. Verður haldið áfram á næsta skólaári.
- Þróa jafnlauna- og umhverfisstjórnunarkerfi. Kerfin eru samtvinnuð við gæðakerfi skólans og hefur það gengið nokkuð vel. Samt sem áður þarf að tryggja að þau séu virk og þeim viðhaldið.
- Efla kynningu jafnlaunakerfis og meta árangur. Jafnlaunakerfið hefur verið kynnt síðustu annir en ekki hefur verið gerð könnun á því.

- Auglýsa stöður innan skólans með það fyrir augum að höfða til allra kynja. Þetta hefur verið gert þegar auglýst er eftir starfsfólki.
- Innleiða upplýsingaöryggisstefnu. Innleiðingin hefur ekki verið kláruð að fullu. Þarf að taka þetta upp aftur.
- Leggja ferðavenjukönnun fyrir nemendur og starfsfólk. Könnunin var lögð fyrir í upphafi haustannar 2023. Umhverfisnefnd fékk niðurstöðurnar og vann ýmist efni upp úr þeim.
- Sækja skal fundi í fjarfundaformi ef slíkt er í boði. Margir fundir eru haldnir langt frá skólanum og jafnvel boðaðir með stuttum fyrirvara. Skólameistari hefur bent á þetta og þeir fundir sem eru í boði í gegnum fjarfundabúnað eru almennt sóttir með þeim hætti.
- Nýta skal almenningssamgöngur eins og hægt er og velja skal umhverfisvænasta valkostinn ef teknir eru bílaleigubílar. Erfitt reynist að nota almenningssamgöngur enda fer starfsemin fram í litlum bæ. Þegar teknir eru bílaleigubílar leitast þeir sem taka eftir því að taka umhverfisvænasta valkostinn, smærri bíla og rafbíla þegar það hentar.
- A.m.k. 50% starfsfólks hefur gert samgöngusamning. Hlutfallið hefur ekki náðst á þessu skólaári en verður haldið áfram að ýta á þetta og kynna. Var um 26% á árinu.
- Huga skal að úrgangsmýndun við innkaup, t.d. kaupa ekki óþarfa og endurnýta umbúðir. Þetta er haft í huga við innkaup og umbúðir eru ávallt nýttar aftur.
- Ná skal 80% endurvinnsluhlutfalli sorps. Þetta hefur gengið illa ef miðað er við vigtunartölur sorppjónustuaðilans. Það var gerð úttekt á þessu innanhúss þar sem hlutfallið náðist.
- Aðgæta skal stillingar á ofnum, lækka þegar farið er í frí. Húsvörður sér um eftirfylgni með þessu og til viðbótar var farið í sérstakt átak við að kynna ofnastillingar bæði meðal nemenda og starfsfólks.

- Slökkva skal á ljósum og raftækjum þegar ekki þarf að nota þau. Starfsfólki eru sendar áminningar og það rætt ef þetta hefur gleymst. Einnig eru áminningarmiðar við rofa um að slökkva ljós.
- Fylgjast skal með orkunotkun stærri notenda og grípa inn í ef notkun er óeðlileg. Fylgst er reglulega með orkunotkun.
- Koma á fræðslu fyrir starfsfólk um umhverfismerkingar. Þetta hefur ekki náðst en græn skref hafa staðið fyrir svona viðburði sem ekki náðist að sækja. Verður vonandi haldið áfram.
- Kynna skal stöðu á grænu bókhaldi og grænum skrefum fyrir starfsfólki a.m.k. einu sinni á ári. Þetta hefur verið gert og var síðast gert í lok vorannar 2024.
- Velja skal umhverfisvænasta kost sem er í boði hverju sinni. Það er mikil meðvitund um að velja umhverfisvæna valkosti og er það haft í huga varðandi alla starfsemi skólans.
- Koma skal á fræðslu fyrir starfsfólk um flokkun og orkunotkun a.m.k. einu sinni á ári. Var gert á þessu ári bæði meðal nemenda og starfsfólks.
- Halda skal fyrirlestra fyrir nemendur með áherslu á mismunandi umhverfisþætti. Var gert á sérstökum umhverfisdögum sem eru orðnir fastur liður á skóladagatali.
- Gera skal umhverfismál í VA sýnilegri með umfjöllun á vefmiðlum þegar við á. Þess hefur verið gætt að segja vel frá því sem er verið að vinna að hverju sinni, fræðslu sem kemur inn og viðburðum.
- Endurskoðun námsbrauta. Það hafa verið stigin nokkuð stór skref í endurskoðuninni á þessu skólaári og tilbúnaðar brautir hafa verið samþykktar hjá Mennta- og barnamálaráðuneytinu og mun kennsla samkvæmt þeim hefjast á haustönn 2024.
- Endurskoða gæða- og jafnlaunamarkmið. Vinnan við þetta kláraðist og ný gæðamarkmið voru samþykkt í janúar 2024. Voru þau unnin í samráði við rýnihóp nemenda og starfsfólk.

- Samþætting gæðakerfisins og markmiða í stefnumótun ríkisaðila og grænna skrefa í ríkisrekstri. Hefur ekki verið samtvinnað sérstaklega en verður skoðað.
- Gera nýjan samning um Fab Lab smiðju. Nýr samningur var gerður á vorönn 2024 sem tryggir rekstur smiðjunnar næstu þrjú árin.
- Kynna skólann á okkar styrkleikum með það fyrir augum að auka aðsókn. Í öllu kynningarstarfi hefur verið stuðst við styrkleikana sem eru tíundaðir hér í skýrslunni.
- Taka virkan þátt í samstarfi við aðra skóla. Samstarf við aðra skóla hefur verið töluvert, bæði við grunnskólanna og einnig við aðrar menntastofnanir. Verður haldið áfram á næsta skólaári.
- Halda áfram virku samstarfi við grunnskóla í sveitarfélaginu. Áfram var haldið með verkefnið *Verklegt val* í VA sem gekk vel og mun halda áfram. Einnig var starfsfólki grunnskólanna boðið í heimsókn í VA á vorönn til þess að virkja samtal á milli skólastiganna.
- Auka samstarf við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Það hefur verið unnið með stofnunum á svæðinu og hafa þær komið m.a. að uppbyggingu smáskipanáms og mikil samvinna er í kortunum í gegnum Fab Lab.
- Vinna með starfsánægju með námskeiðahaldi og námsferðum. Mörg tækifæri eru í boði, bæði á erlendri grundu og innanlands. Farið var í námsferð í lok skólaárs þar sem tveir verknámsskólar í Tékklandi voru heimsóttir. Einnig er horft til þess að fara í slíkar heimsóknir í skóla innanlands á næsta skólaári.
- Halda áfram að tryggja starfsfólki endurmenntun sem eflir það í starfi. Mörg tækifæri hafa verið í boði fyrir kennara og stjórnendur en verður að huga að endurmenntun fyrir annað starfsfólk.

Innri úttektir

Ferlið við innri úttektir er unnið eftir sérstakri áætlun sem gerð er fyrir hvert almanaksár þar sem stuðst er við eyðublaðið GÁT-003.

Í upphafi vorannar 2022 var tekið upp nýtt fyrirkomulag þar sem auglýst var eftir úttektaraðilum. Hefur verið haldið áfram með það og á haustönn 2023 var auglýst eftir úttektaraðilum haustannar. Á haustönn 2023 átti að taka út þættina viðhald og eignakaup, starfsmannamál, nám og kennsla, starfsemi bókasafns og innritun og útskrift nemenda. Ákveðið var að bíða með úttekt á starfsemi bókasafns þar sem það þarf að koma því í betra horf áður en úttektin verður tekin. Þeir úttektaraðilar sem sóttu um störfín á haustönn voru þau Hildur Dröfn Guðmundsdóttir, Gunnar Sveinbjörn Ólafsson og Pjetur St. Arason eins og önnina þar á undan. Á vorönn voru teknir út þættirnir jafnlaunakerfi, stjórnun og umsýsla, rýni stjórnenda, innri úttektir og meðhöndlun frávika og mat innan skólans. Þau Hildur Dröfn og Pjetur voru áfram í hópi úttektaraðila og bættist Marinó Stefánsson við. Á haustönn bárust 74 athugasemdir og á vorönn 107 athugasemdir. Gæðastjóri hefur yfirumsjón með því að ráðist verði í þær umbætur sem þarf að ráðast í.

Þær umbætur sem þurfti að ráðast í voru m.a.:

- Taka út texta úr verklagsreglum sem áttu ekki lengur við.
- Uppfæra tilvísanir í skjölum.
- Lagfæra stafsetningu og orðalag.
- Uppfæra verklagsreglur með tilliti til þess verklags sem er viðhaft.
- Skerpa á ferlum varðandi innkaup.
- Skerpa á kynningum á ýmsum atriðum.
- Skerpa á verklaginu þar sem er ekki verið að vinna eftir því.

Endurgjöf frá viðskiptavinum

Í VA er markvisst unnið að því að bæta gæði skólastarfsins og í síauknum mæli er það gert með hliðsjón af þeim gæðamarkmiðum og kvörðum sem eru hluti af ISO 9001 stjórnunarkerfinu. Til að fylgjast með árangri er m.a. rýnt í niðurstöður úr áfangamati.

Á hverri önn er framkvæmt áfangamat sem veitir kennurum niðurstöður um stöðu sína og gefur nemendum tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennurum og kennslu í einstaka áföngum í skólanum. Tilgangur matsins er að kanna hvernig til hafi tekist með kennslu með það að markmiði að bæta það sem betur mætti fara. Áfangamatið er framkvæmt í gegnum Innu og er framkvæmdin í höndum gæðastjóra. Niðurstöður áfangamats voru sem fyrr kynntar kennurum og skólameistara að áfangamati loknu og stuðst við þær í starfsmannasamtali. Einnig fór gæðaráð yfir heildar niðurstöður áfangamats og þær loks kynntar fyrir starfsfólki í annarlok.

Samkvæmt verklagsreglu þá skal hver áfangi metinn að jafnaði á 18 – 24 mánaða fresti. Því getur þurft samanlagt fjórar annir til að fá meðaltal fyrir alla kennda áfanga í VA. Með því að framkvæma áfangamatið í gegnum Innu eru allir áfangar settir í mat, þar sem framkvæmdin er einfaldari. Líkt og á síðustu önn voru tvær útgáfur af áfangamati: áfangamat fyrir dagskóla og áfangamat fyrir fjarnám/dreifnám.

Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2023


Áfangamatið var lagt fyrir um miðja önn, opnaði þann 11. október og lauk 5. nóvember. Líkt og undanfarnar annir var haldinn sérstakur áfangamatstími í dagskólanum þar sem nemendur tóku áfangamatið í einni ákveðinni vinnustofu þann 11. október. Áfangamatið var lagt fyrir í öllum áföngum og í tvennu lagi, dagskóli og fjarnám/dreifnám. Í fyrsta sinn voru fjar- og dreifnemar hafðir saman og dagskólanemar sér. Svarhlutfall var 74% í dagskóla og 37% í fjarnámi/dreifnámi en miðað er við að ná að lágmarki 70% svarhlutfalli til að niðurstöður teljist marktækar.

Aftur var farin sama leið og síðustu annir að hafa sérstaka spurningu þar sem spurt var út í viðhorf nemenda til vinnustofukerfisins sem hefur verið í þróun síðustu annir.

Svarhlutfallið í áfangamatinu var yfir 70% í 53 hópum þar af var hlutfallið 100% í 16. Til samanburðar má nefna að á vorönn 2023 var hlutfallið yfir 70% í 62 hópum og 100% í 24.

Í þetta sinn skiluðu 43% hópanna marktækum niðurstöðum en til samanburðar skiluðu 45% hópanna marktækum niðurstöðum á vorönn 2023.

Meðalsvarhlutfall í hóp var 61% en til samanburðar var það 61% á vorönn 2023.



Mynd 1: Svarhlutfall áfangamats í dagskóla eftir önnum.

Á *Mynd 1* má sjá samanburð á svarhlutfalli í áfangamati í dagskóla síðustu annir.

Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða

Eitt þeirra gæðamarkmiða sem sett hefur verið í VA er mælt í áfangamatinu og er það svohljóðandi:


- Að nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.

Mælikvarðarnir gagnvart þessu markmiði eru tveir:


- Á heildina litið er ég ánægð/ánægður/ánægt með kennsluna í áfanganum.
- Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er viðunandi.

Markmiðið er að 80% nemenda taki afstöðuna frekar sammála eða mjög sammála gagnvart þessum fullyrðingum.

Eins og má sjá á *Mynd 2* og *Mynd 3* þá hefur gæðamarkmið ekki náðst fyrir mælikvarðana. Það hlýtur að teljast töluvert áhyggjuefni hversu langt frá markmiðinu niðurstaðan er.



Mynd 2: Niðurstöður áfangamats sl. ellefu anna – Ánægja með kennslu



Mynd 3: Niðurstöður áfangamats sl. ellefu anna – Náms- og kennslubúnaður í áföngum


Til að vísa á frekari niðurstöður úr áfangamati er bent á skýrsluna sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2024

Áfangamatið var lagt fyrir um miðja önn, opnaði þann 6. mars og lauk 22. mars. Áfangamatið var lagt fyrir í öllum áföngum og í tvennu lagi, dagskóli og fjarnám/dreifnám. Haldinn var

sérstaktur áfangamatstími í dagskólanum til þess að tryggja góða svörun. Svarhlutfall var 69% í dagskóla og 40% í fjarnáms/dreifnámsáföngum.

Svarhlutfallið í áfangamatinu var yfir 70% í 41 hóp þar af var hlutfallið 100% í 8. 29% hópanna skiluðu marktækum niðurstöðum. Meðalsvarhlutfall í hóp var 58%.



Mynd 4: Svarhlutfall áfangamats í dagskóla eftir önnum.

Á Mynd 4 má sjá samanburð á svarhlutfalli í áfangamati í dagskóla síðustu annir. Svarhlutfall haustanna hefur yfirleitt verið betra en hlutfall voranna og náðist 70% ekki alveg á vorönninni.

Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða

Þrátt fyrir að ný gæðamarkmið hafi verið samþykkt í lok janúar 2024 var ákveðið að styðjast við þau gömlu út önnina en unnið verður eftir þeim nýju frá og með næsta skólaári.

Eitt þeirra gæðamarkmiða sem sett hefur verið í VA er mælt í áfangamatinu og er það

svohljóðandi:

- Að nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.


Mælikvarðarnir gagnvart þessu markmiði eru tveir:

- Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.


- Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er viðunandi.

Markmiðið er að 80% nemenda taki afstöðuna frekar sammála eða mjög sammála gagnvart þessum fullyrðingum.

Eins og má sjá á *Mynd 5* og *Mynd 6* náðust markmiðin fyrir hvorugan mælikvarðann líkt og á haustönn.



Mynd 5: Niðurstöður áfangamats sl. tólf anna – Ánægja með kennslu




Mynd 6: Niðurstöður áfangamats sl. tólf anna – Náms- og kennslubúnaður í áföngum

Til að vísa á frekari niðurstöður úr áfangamati er bent á skýrsluna sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Skólapúlsinn 2023-2024

Annað gæðamarkmið tekur á því hvort nemendum líði vel í skólanum og hafi áhuga á náminu. Mælikvarðiinn sem notaður er, er Skólapúlsinn sem er lagður fyrir árlega og hefur síðustu tvö ár verið lagður fyrir á vorönn. Úr Skólapúlsinum eru nýttir þættirnir Samsömun við nemendahópinn, námsáhugi og vellíðan. Niðurstöður úr þeim mælingum fara hér á eftir.

Á *Mynd 7* má sjá hvernig samsömun hefur þróast í síðustu könnunum en þess ber að geta að Skólapúlsinn var ekki lagður fyrir nema annað hvert og jafnvel þriðja hvert ár en nú er hann orðinn fastur liður á hverju ári.




Mynd 7: Samsömun við nemendahópinn – Skólapúlsinn 2013-2024

Ljóst er að markmiðið næst ekki (4,4) en hefur farið upp á við frá síðustu mælingu. Varðandi annan þáttinn, námsáhuga þá má sjá á *Mynd 8* að námsáhuginn fer aðeins niður á við en er

enn töluvert fyrir ofan markmiðið (4,5) þótt hann sé nú fyrir neðan meðaltal annarra skóla.


2.1. Námsáhugi – Ársmeðaltöl



Mynd 8: Námsáhugi – Skólapúlsinn 2014-2024

Þriðji þátturinn sem er skoðaður en vellíðan. Eins og sjá má á *Mynd 9* fór hún niður á við í síðustu mælingu en hækkar nú aftur (4,6) og nær markmiðinu.

3.1. Vellíðan – Ársmeðaltöl




Mynd 9: Vellíðan – Skólapúlsinn 2013-2024

Stofnun ársins 2023

Stofnun ársins er könnun sem lögð er fyrir á hverju ári meðal starfsfólks skólans. Tveir mælikvarðar í gæðamarkmiðunum er mældir með þeirri könnun. Annars vegar er það markmiðið að starfsfólk sé ánæggt í starfi sínu í VA og hins vegar að skapa starfsemi eins

góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði. Mælikvarðinn er að niðurstöður VA séu yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni. Þar eru nýttir tveir þættir, annars vegar *Vinnuskilyrði* og hins vegar *Ánægja og stolt*.

Á Mynd 10 má sjá hvernig mælingin kemur út varðandi báða mælikvarðana.



Mynd 10: Stofnun ársins 2023.

Ljóst er að markmiðið næst þegar horft er til beggja þátta. Þegar kemur að vinnuskilyrðum er einkunnin 4,48 eða 0,39 yfir meðaltali framhalds- og háskóla. Í ánægju og stolti er niðurstaðan 4,69 sem er 0,23 yfir meðaltalinu.


Gæðamarkmið	Mælikvarðar	Staða	Hvenær mælt	Markmið
Nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.	Áfangamat: Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.	73%	Nóvember 2023	≥ 80% svari frekar sammála eða mjög sammála.
	Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi.	75%	Mars 2024	
		74%	Nóvember 2023	≥ 80% svari frekar sammála og mjög sammála.
		77%	Mars 2024	

Að nemendum líði vel í skólanum og hafi áhuga á náminu.	Skólapúlsinn: Samsömun við nemendahópinn	4,4		4,5
	Námsáhugi	5,4		4,5
	Vellíðan	4,6		4,5
Að starfsfólk sé ánægt í starfi sínu í VA.	Stofnun ársins: Ánægja og stolt	+0,23		<i>Að niðurstöður VA séu yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt Stofnun ársins.</i>
Að skapa starfsemi eins góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði.	Vinnuskilyrði	+0,39		

Mat á vinnustofu/heimastofukerfi

Í lok haustannar 2020 var tekin sú ákvörðun að prófa að taka upp svokallað vinnustofukerfi í skólanum. Þá voru 25% af kennslustundum í hefðbundnum kennslustundum eða svokölluðum áfangatímum og 75% í svokölluðum vinnustofum. Var sú ákvörðun tekin til þess að skólinn yrði betur í stakk búinn að mæta skyndilegum breytingum á sóttvarnaráðstöfunum vegna COVID-19. Með því að taka upp vinnustofukerfi myndi tvennt ávinnast, nemendur gætu stundað nám sitt í skólanum að mestu þótt sóttvarnarreglur yrðu hertar og að fækka árekstrum í stundatöflum. Var kerfið mótað í samráði við kennara og nemendur og hófst vinna í því í upphafi vorannar. Ýmsir vankantar voru sniðnir af jafnóðum en ákveðið var um miðbik annarinnar að ráðast í það að meta kerfið í heild. Nemendur svöruðu spurningunum um kerfið í áfangamatinu og svöruðu kennarar sömu spurningu stuttu síðar. Í kjölfarið varð til nýtt kerfi sem var bland af vinnustofum og svokölluðum heimastofum ásamt áfangatímum. Á þarsíðasta skólaári var það kerfi metið og úr varð að setja á kerfi þar sem einungis voru vinnustofur á móti áfangatímum og hefur það nú verið


notað síðustu tvö ár. Nú á haustönn var ákveðið að halda áfram að meta kerfið og var lögð spurning fyrir nemendur og kennara. Á mynd 11 má sjá niðurstöðunni úr þeirri spurningu.



Mynd 11: Hvernig finnst þér vinnustofukerfið nýtast. Nemendur – Kennarar haustönn 2023.

Eins og sjá má á myndinni var mikil ánægja með kerfið meðal nemenda á meðan kennarar höfðu ýmsar athugasemdir sem tekið var tillit til og ákveðið var að halda sama kerfi á vorönn.

Um miðbik vorannar var ráðist í að meta kerfið aftur meðal nemenda. Nemendur svöruðu spurningu í áfangamatinu. Niðurstöður þess má sjá á Mynd 12.




Mynd 12: Hvernig finnst þér vinnustofukerfið nýttast. Nemendur - kennarar vorönn 2024.


Ánægja nemenda með vinnustofukerfið jókst frá haustönn og var ákveðið að halda sama kerfi en taka tillit til athugasemda sem kennarar höfðu varðandi ýmislegt í utanumhaldi með kerfinu.

Könnun á verknámsvali

Á haustönninni var haldið áfram með verkefnið *Verklegt val* þar sem nemendur í 9. og 10. bekk grunnskóla Fjarðabyggðar völdu sér verkgreinar í VA. Völdu nemendur tvær greinar sem þeir vildu helst og fengu allir nemendur þær greinar sem þeir vildu helst. Nemendur komu síðan í skólann á fimmtudögum yfir átta vikna tímabil. Í þetta sinn var prófað að láta nemendur hefja leik á einni grein og taka fjórar kennslustundir á dag í fjórar vikur og síðan var skipt í seinni greinina. Var ætlunin að þannig fengist meira út úr tímanum og nemendur gætu gert meira. Þegar 10. bekkur hafði lokið við sínar átta vikur tóku nemendur í 9. bekk við og kláraðist það í vikunni fyrir jóla. Þegar hóparnir höfðu lokið sinni veru var send könnun á nemendur í báðum bekkjum þar sem spurt var út í verkefnið. Ein spurninganna var hvort nemendur væru ánægðir með verknámsvalið. Eins og sjá má á *Mynd 13* og *Mynd 14* voru 87,3% svarenda úr 10. bekk ánægð eða mjög ánægð og 78,8% 9. bekkinga.



Mynd 13. Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið? – 10. Bekkur



Mynd 14. Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið? – 9. Bekkur

Um niðurstöðurnar í heild má lesa í sérstakri skýrslu sem er aðgengileg á heimasíðu skólans va.is.

Frammistaða ferla og samræmi vöru

Yfirferð á skjölum

Þann 6. apríl 2021 tilkynnti vottunarstofan iCert að gæðakerfi skólans uppfyllti þau skilyrði sem til þyrfti og hlaut kerfið þannig vottun. Vottunin gildi til þriggja ára og hafa nú þegar farið fram tvær viðhaldsúttektir sem hafa staðfest áframhaldandi vottun og mun nýr vottunarhringur verða settur af stað síðar á þessu ári.

Mætingar, meðaleinkunn, fallprósenta og brottfall

Samkvæmt gæðamarkmiðum skólans skulu mætingar nemenda í dagskóla vera yfir 90%. Eins og nefnt hefur verið að framan er kerfið þannig að það samanstendur af hefðbundnum áfangatímum og vinnustofum. Þegar haustönn 2023 er skoðuð kemur í ljós að mætingar í áfangatíma voru 89,1% eða örlítið undir markmiði. Þegar mæting í vinnustofur var skoðuð sérstaklega sést að hún var 81% sem er töluvert lengra undir markmiðinu. Raunmæting í áfangatíma var 76,6%.

Á vorönn 2024 var mæting í áfangatíma 86,3% sem er aðeins undir gæðamarkmiði og mæting í vinnustofur 72% sem er langt undir markmiðinu. Raunmæting í áfangatíma var 77,4%.

Gæðamarkmið skólans varðandi meðaleinkunn er að meðaleinkunn sé 6 eða hærri þegar tekið er til allra áfanga. Á haustönn var meðaleinkunn 6,34 og því ljóst að gæðamarkmið náðist. Á vorönn var meðaleinkunn 6,89 og því ljóst að gæðamarkmið náðist og mun betri meðaleinkunn en á vorönn 2023.

Fallprósenta var 23,4% á haustönn sem þýðir að gæðamarkmiði er ekki náð en það er að vera undir 17%. Á vorönn var fallprósenta 15,2% sem þýðir að gæðamarkmiði er náð.

Brottfall var 1,6% á haustönninni samkvæmt þeirri aðferð sem notuð hefur verið innan skólans en hún felst í því að skrá þá sem hverfa frá námi í okkar skóla. Markmiðið er að vera undir 3% og því ljóst að við náum markmiðinu og vel það ef litið er til þeirrar aðferðar. Á vorönninni var brottfall 0,23% og því ljóst að gæðamarkmiðið náðist einnig þar og vel það.

Gæðamarkmið	Mælikvarðar	Staða	Hvenær mælt	Markmið
Nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu á hverri önn, bæði bóklegu og verklegu.	Meðaleinkunn (allir áfangar)	6,34	Desember 2023	≥ 6
		6,89	Maí 2024	
	Fallprósenta (allir áfangar)	23,4%	Desember 2023	≤ 17%
		15,2%	Maí 2024	

Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi á hverri önn.	Mætingar %	89,1%	Desember 2023	90%
		86,3%	Maí 2024	
	Brottfall %	1,6%	Desember 2023	≤ 3%
		0,23%	Maí 2024	

Ábendingar, kvartanir, frábrigði

Ekki náðist að skrá formlega aðrar ábendingar, kvartanir og frábrigði á önninni en fjallað er um hér í skýrslunni undir öðrum þáttum.

Á teikniborðinu er að taka upp nýtt kerfi sem auðveldar utanumhald með skráningu og umsýslu frávika.

Útskrift áfanga

Útskrift áfanga er veigamikill þáttur í gæðastjórnunarkerfinu. Til þess að áfangar teljist útskrifaðir þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar:

1. Kennsluáætlun skal skila til áfangastjóra sem rýnir hana. Eftir samþykki er áætlunin undirrituð af áfangastjóra og kennara og sett á kennsluvef í upphafi annar.
2. Framvinda kennslunnar skal metin um miðja önn.
3. Í öllum áföngum skal unnið eftir verklagsreglum um gerð og rýningu námsmatsþátta.
4. Áfangaskýrslu skal skila í lok annar ásamt upplýsingum um varðveislu námsgagna og sundurliðun einkunna.

Í upphafi voru þessir þættir fleiri en þeim hefur fækkað. Annars vegar við það að gátlistar hafa verið sameinaðir til hagræðingar og aukinnar skilvirkni og hins vegar hafa listar verið felldir niður hafi þeir ekki þótt skila þeim tilgangi sem upphaflega var ætlast til. Almenna reglan er sú að allir áfangar eiga að útskrifast. Eitt og annað getur þó komið upp á í

skólstarfinu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að uppfylla kröfur til slíkrar útskriftar. Í þeim tilfellum er afar mikilvægt að rýna hvað það er sem kemur í veg fyrir útskriftina með það að markmiði að gera betur og hækka hlutfall útskrifaðra áfanga. Áfangar á starfsbraut eru undanþegnir útskrift áfanga.

Á haustönn 2023 var hlutfall útskrifaðra áfanga 96%.

Á vorönn 2024 var hlutfall útskrifaðra áfanga 73%.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlunum skal skilað við upphaf annar fyrir alla kennda áfanga. Áður var það svo að þeim var skilað til áfangastjóra en með breyttu skipulagi er þeim nú skilað til gæðastjóra, þær rýndar og svo skilað undirrituðum af kennara og gæðastjóra inn á kennsluvef að rýningu lokinni. Þar skal koma fram áfangalýsing og markmið, yfirferðaáætlun, námsefni, tímasetningar verkefnaskila og hlutaprófa og námsmat. Skýr viðmið eru fyrir vægi matsþátta í námsmati eftir því hvort um er að ræða símats-, lokaverkefnis- eða lokaprófsáfanga og koma þau fram í sniðmáti fyrir kennsluáætlun.

Skil kennsluáætlana til gæðastjóra:

- Haustönn 2023 – 100%
- Vorönn 2024 – 100%

Framvindumat

Framvindumat var framkvæmt einu sinni á hvorri önn. Í þetta sinn breyttist framkvæmd matsins vegna breytinga á störfum deildastjóra. Í stað þess að deildastjórar hittu kennara sinna deilda hitti gæðastjóri alla kennara og fór yfir framvindu kennslunnar í hverjum áfanga. Á haustönn var framvindumatið framkvæmt vikuna 9.-17. október og voru niðurstöður matsins voru síðan teknar fyrir á fundi gæðaráðs þann 2. nóvember og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu eftir því sem þörf var á. Á vorönn var framvindumatið framkvæmt 4.-8. mars og voru niðurstöður matsins teknar fyrir á fundi gæðaráðs þann 12. mars.

Allir áfangar sem kenndir voru fóru í gegnum framvindumat.

Í kjölfar framvindumats bárust 24 athugasemd, 11 á haustönn og 13 á vorönn sem sendar voru til viðeigandi starfsfólks til úrvinnslu. Er yfirlit yfir úrvinnslu þeirra vistað í rafrænni málaskrá skólans undir heitinu *Framvindumat haust 2023 og Framvindumat vorönn 2024*.

Áfangaskýrslur

Í lok hvernar annar skila kennarar áfangaskýrslum þar sem niðurstaða áfanga er staðfest. Jafnframt skila þeir sundurliðuðum einkunnum með áfangaskýrslunni. Í skýrslunum gefa þeir upplýsingar um kennslu og yfirferð, hvað megi bæta, dreifingu einkunna og varðveislu námsmatsgagna. Athugasemdir áfangaskýrslna eru færðar á *GÁT-018* sem er vistað í rafrænni málaskrá skólans. Alls voru 44 athugasemdir færðar þangað, þar af voru 10 vegna hárrar fallprósentu í áfanga en þar er málið skoðað ef fall er yfir 35%. Í þetta sinn var þó tekið til greina ef t.d. var um að ræða nemendur sem höfðu verið óvirkir frá byrjun. Þá voru þeir teknir út úr fallprósentunni.

Þær athugasemdir sem voru skráðar voru sendar viðeigandi stjórnanda til úrvinnslu. Er yfirlit yfir úrvinnslu þeirra vistað í rafrænni málaskrá skólans undir heitinu *Ábendingar, frávik, kvartanir o.fl. haustönn 2023 og Ábendingar, frávik, kvartanir o.fl. vorönn 2024*.

Skil á áfangaskýrslum voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2023 – 96%
- Vorönn 2024 – 96%

Einkunnalistar

Einkunnalistum skal skilað með áfangaskýrslum. Í listunum eiga að vera sundurliðaðar einkunnir allra nemenda í áfanganum. Skil á einkunnalistum voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2023 – 96%
- Vorönn 2024 – 95%

Gerð námsmatsþátta

Gátlistum skal skila um gerð námsmatsþátta, hvort sem um er að ræða lokaprófsáfanganga, lokaverkefnisáfanganga eða símatsáfanganga. Með skilum á gátlistanum staðfestir kennari að lokapróf, lokaverkefni eða stærsti símatsþátturinn hafi verið skoðaðir með tilliti til ýmissa faglegra þátta og einnig kemur fram hvort hljóðskrár fylgi með prófi þegar um lokaprófsáfanganga er að ræða. Áfangastjóri og deildarstjóri eða samkennari rýnir lokapróf en þegar um lokaverkefni eða símat er að ræða eru matsþættir rýndir af samkennurum eða deildarstjórum. Skil á gátlistum um gerð námsmatsþátta voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2023 – 99%
- Vorönn 2024 – 73%

Samantekt

Á heildina litið gengur ferlið sem lýkur með útskrift áfanga nokkuð vel. Kennarar eru búnir að setja sig vel inn í það og virkar það vel sem aðhald með kennslunni og veitir mikilvægar upplýsingar um gæði og gang náms og kennslu. Þó heldur áfram það verkefni að tryggja að kennarar sem fengnir eru í stundakennslu undirgangist kröfur kerfisins.

Staða forvarna og úrbóta

Hvað er búið að gera á árinu:

- Keyptir skjáir til þess að auka og bæta upplýsingamiðlun.
- Siglingahermir, sjónvörp og tölvur sem tengjast honum til þess að bjóða upp á smáskipanám. Búnaðurinn getur einnig nýst í ýmiskonar önnur námskeið eða lengra nám.
- Skjáir í hinar ýmsu deildir sem uppfærsla á eldri búnaði.
- Fjarskiptahermir til þess að bjóða upp á smáskipanám. Búnaðurinn getur einnig nýst í ýmiskonar önnur námskeið eða lengra nám.

- Skápar, borðaskilrúm og fundaborð til þess að bæta enn frekar vinnuástöðu fyrir starfsfólk.
- Súluborvél, belta- og spindilpússivél, bandsög, hulsuborvél, kantlímingavélar, dílaborvélar og borðsagir, vélgálgar og verkfæraskápur til þess að auka enn frekar gæði í tréiðndeild.
- Skjávarpi sem hluti af uppfærslu búnaðar.
- Þykhokkíborð, píluspjöld og borðtennisborð til þess að auka möguleika í félagslífi nemenda.
- Merkingar innanhúss til þess að bæta aðgengi og sýnileika.
- Töfluskápar í rafiðndeild til þess að auka gæða námsins.
- Unnar ýmsar stefnur, s.s. stefna um fagleg vinnubrögð.
- Skólareglur uppfærðar.

Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Í upphafi skýrslunnar er farið yfir niðurstöður fyrri rýni stjórnenda. Eins og sjá má voru mörg atriði sem sett voru á aðgerðarlista og mörgum þeirra er lokið að fullu. Önnur munu teygja sig fram að upphafi næsta skólaárs og enn önnur eru langtímaverkefni sem verða líklega alltaf á aðgerðalista. Gæðastjóri mun sjá um eftirfylgni með aðgerðalistanum.


Jafnlaunakerfið

Markmið jafnlaunakerfis og launagreiningar

Skólinn hlaut jafnlaunavottun á kerfi sitt á vordögum 2020 til þriggja ára. Viðhaldsúttektir fóru fram 2021 og 2022 og síðan endurúttekt þann 14. febrúar 2023. Í kjölfar hennar hlaut skólinn endurvottun til þriggja ára. Hér fyrir neðan má sjá *Mynd 15* af ferli jafnlaunakerfis skólans.

Sett hafa verið markmið fyrir jafnlaunakerfið. Þau eru hluti af gæðamarkmiðunum og eru eftirfarandi:

- Vinna gegn óútskýrðum launamun
- Viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara, þ.m.t. úthlutun yfirvinnu, skulu ekki fela í sér kynjamismun
- Allt starfsfólk skal upplýst um að jafnlaunakerfi er innleitt og því viðhaldið í stofnuninni
- Jafna skal hlutfall kynja í stjórnendastörfum



Mynd 15. Ferill jafnlaunakerfisins VA.

Til þess að mæla efstu tvo liðina eru framkvæmdar launagreiningar tvisvar á ári, undir lok hvorrar annar fyrir sig. Launagreining er unnin samkvæmt VKL-219 og eru gögn framkölluð af fjármálastjóra úr forritinu Emblu. Helstu niðurstöður fyrir haustönn 2023 eru þær að þegar kemur að uppreiknuðum dagvinnulaunum er munur á launum kynjanna töluverður (8,74%) konum í vil. Þegar launin eru ekki uppreiknuð snýst dæmið hins vegar við og er munurinn

9,17% körlum í vil. Það helgast af því að konur eru frekar í hlutastörfum en karlar þótt það hafi breyst töluvert frá fyrstu greiningum.

Þegar kemur að því að skoða heildarlaun uppreiknuð má sjá að munurinn er 2,38% körlum í vil en þegar störfín eru ekki uppreiknuð er munurinn 16,09% körlum í vil.

Þegar yfirvinna er skoðuð einungis er munurinn 37,33% körlum í vil.

Helstu niðurstöður fyrir vorönn 2024 eru þær að þegar kemur að uppreiknuðum dagvinnulaunum er munur á launum kynjanna töluverður (13,4%) konum í vil. Þegar launin eru ekki uppreiknuð er munurinn hins vegar örlítið minni eða 6,45% konum í vil. Það helgast af því að konur eru frekar í hlutastörfum en karlar. Til samanburðar var þessi tala 33,4% körlum í vil fyrir haustönn 2019 við fyrstu launagreiningu sem gerð var.

Þegar kemur að því að skoða heildarlaun uppreiknuð má sjá að munurinn er 4,7% konum í vil og þegar störfín eru ekki uppreiknuð er munurinn 2,13% körlum í vil.

Þegar yfirvinna er skoðuð einungis er munurinn 12,31% körlum í vil.

Allar tölur eru óleiðréttar, þ.e. það er ekki búið að leiðrétta fyrir ákveðnum þáttum. Það er gert með sérstakri frávikagreiningu þar sem hvert tilvik er skoðað og fundið á þeim skýringar. Skýringar eru við öll frávik.

Innri úttektir jafnlaunakerfis

Í ársbyrjun 2024 var gerð úttekt á þeim verklagsreglum sem snúa að jafnlaunakerfinu og eru þær teknar út a.m.k. einu sinni á ári samkvæmt áætlun um innri úttektir.


Niðurstöður markmiða

Markmið	Aðgerð	Staða	Staða tekin	Mælanlegt markmið
Vinna gegn óútskýrðum launamun	Launagreiningar tvisvar á ári.	-8,74% -13,4%	16.1.2024 12.6. 2024	≤ 3% óútskýrður launamunur
Viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara, þ.m.t. úthlutun yfirvinnu, skulu ekki fela í sér kynjamismunun	Innri úttektir Launagreiningar tvisvar á ári.	37,33% 12,31%	16.1.2024 12.6. 2024	≤ 3% óútskýrður launamunur ≤ 3% óútskýrður munur kynjanna

				þegar kemur að úthlutun yfirvinnu
Allt starfsfólk skal upplýst um að jafnlaunakerfi er innleitt og því viðhaldið í stofnuninni	Könnun á meðal starfsmanna <ul style="list-style-type: none"> Hversu vel ert þú upplýst/ur um jafnlaunakerfið og viðhald þess? 		Ekki gert	≥ 90% svari mjög vel eða vel
Jafna skal hlutfall kynja í stjórnendastörfum	Staðan tekin í lok hvers skólaárs.		4 kvk-3 kk	Jöfn kynjahlutfall í stjórnunarstöðum

Umhverfisstjórnun

Verkefnið Græn skref í ríkisrekstri hefur verið í innleiðingu síðastliðið skólaár. Hluti af því er að ráðast í ýmsar aðgerðir á sviði umhverfismála með það fyrir augum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Meðal þess sem hefur verið gert er að setja umhverfisstefnu, setja markmið og skrá Grænt bókhald árlega en það er gert fyrir 1. apríl fyrir árið á undan. Á *Mynd 16* má sjá niðurstöður úr Grænu bókhaldi fyrir árin 2020 til 2023.



Mynd 16. Grænt bókhald fyrir árin 2020-2023.

Þar má sjá að nú þegar Covid-19 faraldrinum slotar er stærsti losunarliður skólans vegna flugs enda mikill kraftur í erlendu samstarfi en einnig er töluverður losunarliður vegna rafmagns sem er einnig notað til húshitunar. Á milli ára hefur losun vegna rafmagns og úrgangs minnkað og losun vegna aksturs og flugs aukist. Í aðgerðaáætlun hafa verið sett markmið til þess að draga úr losun og eru þau rýnd á rýnifundi stjórnenda og eru nú í þriðja skipti hluti af aðgerðaáætlun stjórnenda að loknum fundi.

Breytingar í rekstri VA sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið

Að halda virkum vottunum.

Það er nemendafæð á upptökusvæði skólans. Skapar óstöðugleika að hafa sveiflu í nemendafjölda vegna ólíkra áfangastærða. Dregur úr stöðugleika í námsframboði sem aftur veldur því að trú á skólann minnkar sem getur skilað sér í færri umsóknum.

Umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi náms og kennslu sem hafa verið þróaðar síðustu ár með fjölbreyttum námstækifærum fyrir kennara, m.a. með heilsárs námskeiði í leiðsagnarnámi og Erasmus samstarfi.

Áframhaldandi fjölgun í iðn- og starfsnámi.

Bygging á nýju húsnæði fyrir tréiðndeild.

Óvissa varðandi fjármögnun skólans á milli ára. Hækka þyrfti fjölda ársnema í 200.

Það vantar fleiri nemendur í nám á stúdentsbrautum.

Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans

Til þess að taka þetta saman á skýrari hátt var ráðist í að greina sterkar og veikar hliðar skólans. Sú vinna hófst á rýnifundi stjórnenda eftir vorönn 2020 og er það endurskoðað á hverjum rýnifundi stjórnenda.

Sterkar hliðar	Veikar hliðar	Ógnanir	Tækifæri
Smæð skólans	Óöryggi í rekstri	Sveiflur í nemendafjölda	Ná í fleiri nemendur
Utanhald með nemendum	Hafa ekki skapast sterkar hefðir í félagslífi	Samkeppni um nemendur og starfsfólk	Samvinna við aðra skóla
Fjölbreytt námsframboð	Ekki tekist að virkja foreldra nægilega inn í skólastarfið	Fjárheimildir	Samvinna við fyrirtæki
Skýrir verkferlar í kringum nám og kennslu	Loftgæði eru ekki nægilega góð í verkennsluhúsi	Nýting á heimavist	Samvinna við sveitarfélagið

Stuttar boðleiðir	Fámennir námshópar	Lítið um að vera í samfélaginu fyrir unglunga á framhaldsskólaaldri	Kynningar á skólanum
Góð heimavist og persónuleg eftirfylgni með vistarbúum	Erfitt getur reynst að halda úti námsframboðinu	Aukin ofbeldismenning og fordómar gagnvart minnihlutahópum	Skapa fjölbreyttari möguleika þegar kemur að náminu
Markvisst innra mat	Samstarf framhaldsskóla gæti verið meira og formfastara		Koma upp fleiri styttri námskeiðum í takt við þarfir samfélagsins
Mörg tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk í erlendu samstarfi	Fámennir áfangar, sérstaklega í lokaáföngum á stúdentsbrautum		Þróa námið í takt við tækiframfarir í heiminum
Persónuleg tengsl nemenda og starfsfólks	Almenningssamgöngur sem henta félagslífinu ekki vel		
Starfsánægja			
Vel menntað starfsfólk			
Starfsaðstaða er góð			
Sveigjanleiki í vinnu			
Stuðningur við endurmenntun starfsfólks			
Fab Lab í húsnæði skólans			
Tæknidagur fjölskyldunnar			
Fámennir námshópar			
Fjölbreyttur nemendahópur			
Góð tengsl við fyrirtæki og stofnanir í nærsamfélaginu			
Góð tengsl við yfirvöld í sveitarfélaginu			
Heilsueflandi framhaldsskóli			
Upplýsingaflæði innan og utan stofnunar			
Umhverfisstarf			
Skólinn hefur innleitt virkt jafnlauna- og			

gæðakerfi og hlotið gæða- og jafnlaunavottun ásamt því að ljúka fimm grænum skrefum			
Sterk og sanngjörn stjórnun			
Upplýsingatæknunnátta starfsfólks			
Mötuneytis-/kaffiaðstaða			

Tillögur um umbætur

Áframhaldandi þróun gæðakerfisins.

Tryggja að rýni námsmatsþátta eigi sér stað áður en viðkomandi þáttur er lagður fyrir.

Skerpa á ferlum um innkaup og viðhald.

Halda áfram að þróa jafnlaunakerfið og umhverfisstjórnunarkerfið.

Halda áfram að leita allra leiða til að bæta upplýsingaflæði til nemenda og forráðamanna varðandi gengi í náminu.

Vinna markvissar í því að efla félagslíf, bæði formlegt og óformlegt.

Efla formlegt samstarf kennara með því að halda áfram með samráðstíma í stundatöflu.

Halda áfram að vinna með rýnihópafundi með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni.

Halda áfram að efla starfsfólk í því að tileinka sér fjölbreyttar leiðir til að koma til móts við nemendur.

Halda áfram að byggja ofan á samstarf við sveitarfélagið.

Efla samstarf við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu, t.d. í tengslum við Fab Lab eða námskeiðahald.

Efla kynningastarf.

Efla samvinnu við aðra skóla.

Stuðla að jákvæðri ímynd skólans.

Vera í takt við tímann og samfélagið.

Koma starfsmannasamtölum í fastar skorður.

Auka utanumhald varðandi óvirka nemendur.

Tillögur um auðlindir

Nýta betur aðstöðu fyrir formlegt og óformlegt félagslíf nemenda.

Mikilvægt að viðhalda starfsánægju.

Smæðin skapar gott utanumhald með nemendum. Kynna skólann á okkar styrkleikum.

Halda áfram að þróa nám og kennslu í takt við nútímann og eftirspurn í samfélaginu.

Halda áfram að ýta á byggingu nýs húsnæðis fyrir tréiðndeild.

Mikilvægt að til séu hæfir kennarar í allar greinar.

Auka utanumhald varðandi óvirka nemendur.

Koma starfsmannasamtölum í fastar skorður.

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA 2023-2024			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
2	Innri úttektir		
	Eftirfylgni með innri úttektum/eftiráúttektir	Gæðastjóri/úttektaraðilar	Júní 2025
	Taka út verklagsreglur samkvæmt skipulagi	Gæðastjóri	Júní 2025
	Halda áfram að þróa ferlið við innri úttektir	Gæðastjóri/úttektaraðilar	Júní 2025
	Halda áfram að skipta úttektum upp eftir önnum	Gæðastjóri	Janúar 2025
3	Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum		
	Halda vel utan um þáttöku nemenda í áfangamati. Halda áfangamatstíma og hafa umbun til þess að auka hlutfall þátttakenda	Stjórnendur	Júní 2025

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA 2023-2024			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Virkja starfsmannasamtöl og endurmenntunaráætlun	Skólameistari	Júní 2025
	Halda áfram með reglulega rýnihópafundi með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni	Gæðastjóri	Júní 2025
	Leggja könnun fyrir nemendur í verkefninu Verklegt val í VA	Gæðastjóri	Desember 2024
	Leggja Skólapúlsinn fyrir nemendur	Gæðastjóri	Apríl 2025
	Efla foreldrafélag	Skólameistari	Júní 2025
	Leita leiða til þess að bæta ánægju með kennsluna og greina betur viðhorf til aðstöðunnar	Gæðastjóri	Júní 2025
4	Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða		
	Halda áfram að þróa námskeið fyrir nýtt starfsfólk þar sem farið er yfir helstu atriði sem þarf að kunna skil á við upphaf starfs. Styðjast við gálista um móttöku starfsfólks. Koma þarf gátlistanum í gagnvirkara form.	Skólameistari/Gæðastjóri	Ágúst 2024
	Kynna gæðakerfið fyrir öllu starfsfólki og nemendum	Gæðastjóri	Des 2024
	Tryggja að kennarar sem koma í aðkeypta kennslu séu vel upplýstir um gæðakerfið og ábyrgð þeirra innan þess	Gæðastjóri/Skólameistari	Júní 2025
	Tryggja rýni á námsmatsþáttum og skil á gátlistanum Gerð námsmatsþátta áður en þátturinn er lagður fyrir.	Gæðastjóri	Júní 2025
	Þróa hlutverk leiðsagnarkennara og styðjast við gátlista þar um.	Stjórnendur	Júní 2025
5	Úrbætur		
	Halda áfram reglulegum deildar- og deildarstjóra fundum og sjá til þess að niðurstöður þeirra séu skjalaðar	Skólameistari/Gæðastjóri/deildarstjórar	Júní 2025
	Tryggja sýnileika á gildum skólans fyrir nemendur.	Stjórnendur	Nóvember 2024
	Halda áfram að þróa ferli varðandi skráningar á frávikum.	Stjórnendur	Júní 2025
	Skerpa á ferlum um innkaup og viðhald.	Gæðastjóri/Fjármála- og skrifstofustjóri	Des 2024
	Vinna markvissar í því að efla félagslíf, bæði formlegt og óformlegt.	Stjórnendur/Félagslífsfulltrúi	Des 2024
	Efla formlegt samstarf kennara með því að halda áfram með samráðstíma í stundatöflu.	Stjórnendur	September 2024
	Auka utanumhald varðandi óvirka nemendur.	Nemendapjónusta	Des 2024

AÐGERÐALISTI VEGNA RYNI STJÓRNENDA 2023-2024			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Halda áfram að yta á byggingu nýs húsnæðis fyrir tréiðndeild.	Skólameistari	Júní 2025
	Skoða nýtt tölvukerfi fyrir gæðahandbók og ábendingakerfi	Gæðastjóri/Kerfisstjóri	September 2024
	Halda áfram að þróa nám og kennslu í takt við nútímann og eftirspurn í samfélaginu.	Stjórnendur	Júní 2025
6	Ytri kröfur (þ.m.t. jafnlaunakerfi og umhverfisstjórnunarkerfi)		
	Þróa jafnlauna- og umhverfisstjórnunarkerfi	Gæðastjóri	Júní 2025
	Efla kynningu jafnlaunakerfis og meta árangur	Gæðastjóri	Sept 2024
	Auglýsa stöður innan skólans með það að leiðarljósi að höfða til allra kynja	Skólameistari	Júní 2025
	Innleiða upplýsingaöryggisstefnu	Persónuverndarteymi	Júní 2025
	Leggja ferðavenjukönnun fyrir nemendur og starfsfólk	Gæðastjóri	Des 2024
	Sækja skal fundi í fjarfundaformi ef slíkt er í boði	Starfsfólk	Júní 2025
	Nýta skal almenningssamgöngur eins og hægt er, og velja skal umhverfissvænasta valkostinn ef teknir eru bílaleigubílar	Starfsfólk	Júní 2025
	A.m.k. 50% starfsfólk skal hafa gert samgöngusamning	Skólameistari	Des 2024
	Huga skal að úrgangsmyndun við innkaup, t.d. kaupa ekki óþarfa og endurnýta umbúðir	Innkaupendur	Júní 2025
	Ná skal 80% endurvinnsluhlutfalli sorps	Umhverfisnefnd	Des 2024
	Aðgæta skal stillingar á ofnum, lækka þegar farið er í fri	Húsvörður	Júní 2025
	Slökkva skal á ljósum og raftækjum þegar ekki þarf að nota þau	Starfsfólk	Júní 2025
	Fylgjast skal með orkunotkun stærri notanda og grípa inn í ef notkun er óeðlileg	Skólameistari	Des 2024
	Koma á fræðslu fyrir starfsfólk um umhverfismerkingar	Umhverfisnefnd	Des 2024
	Velja skal umhverfissvænasta kost sem er í boði hverju sinni	Stjórnendur	Júní 2025
	Kynna skal stöðu á grænu bókhaldi og grænum skrefum fyrir starfsfólki a.m.k. einu sinni á ári	Gæðastjóri	Des 2024
	Koma skal á fræðslu fyrir starfsfólk um flokkun og orkunotkun a.m.k. einu sinni á ári	Umhverfisnefnd	Des 2024
	Halda skal fyrirlestra fyrir nemendur með áherslu á mismunandi umhverfisþætti	Umhverfisnefnd	Des 2024
	Gera skal umhverfismál í VA sýnilegri með umfjöllun á vefmiðlum skólans þegar við á	Gæðastjóri	Des 2024
7	Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)		

AÐGERÐALISTI VEGNA RYNI STJÓRNENDA 2023-2024			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Kynna skólann á okkar styrkleikum með það fyrir augum að auka aðsókn	Stjórnendur	Júní 2025
	Taka virkan þátt í samstarfi við aðra skóla	Stjórnendur	Júní 2025
	Markaðssetja stúdentsbrautirnar enn frekar	Gæðastjóri	Júní 2025
8	Tillögur um umbætur		
	Halda áfram virku samstarfi við grunnskóla í nærsamfélaginu	Stjórnendur	Júní 2025
	Auka samstarf við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu	Stjórnendur	Júní 2025
	Styrkja starfsemi bókasafnsins	Skólameistari	Júní 2025
9	Tillögur um auðlindir		
	Halda áfram að stuðla að starfsánægju með námskeiðahaldi og námsferðum	Stjórnendur	Júní 2025
	Setja upp öryggismyndavélar og lykjalaust aðgengi í bóknámshúsi, heimavist og verkennsluhúsi	Skólameistari	September 2024
	Halda áfram að tryggja starfsfólki endurmenntun sem eflir það í starfi	Stjórnendur	Júní 2025

Eydís Ásbjörnsd.

Eydís Ásbjörnsdóttir, skólameistari

Sigurborg Hákonardóttir

Sigurborg Hákonardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri

Birgir Jónsson

Birgir Jónsson, aðstoðarskólameistari